

145. löggjafarþing 2015–2016.
Þingskjal 327 — 199. og 200. mál.
2. umræða.

Nefndarálit

um frumvarp til laga um Haf- og vatnarannsóknir og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar Hafrannsóknastofnunar og veiðimálastofnunar.

Frá meiri hluta atvinnuveganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málin og fengið á sinn fund Pál Halldórsson frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Ingibjörgu G. Jónsdóttur, Pál Svavarsson og Sverri Daníel Halldórsson frá Hafrannsóknastofnun, Ölmú Lísu Jóhannsdóttur frá SFR – stéttarfélagi í almannabjónustu og Eydísí Njarðardóttur og Friðbjóf Árnason frá Veiðimálastofnun.

Frumvörpin voru áður lögð fram á 144. löggjafarþingi og voru afgreidd frá atvinnuveganefnd en hlutu ekki afgreiðslu í þinginu (391. og 392. mál). Markmið frumvarpanna er að sameina Hafrannsóknastofnun og Veiðimálastofnun í eina stofnun sem beri heitið Haf- og vatnarannsóknir. Annars vegar er um að ræða frumvarp til laga um hina nýju rannsókn- og ráðgjafarstofnun þar sem kveðið er á um ráðgjafarnefnd forstjóra, hlutverk stofnunarinnar, samstarf við háskóla o.fl. Hins vegar er um að ræða frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar stofnananna.

Meiri hluti atvinnuveganefndar lagði fram breytingartillögur við frumvörpin á síðasta þingi og eru þær nú endurfluttar af meiri hlutanum. Annars vegar er um að ræða nokkrar lagfæringar á frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar. Hins vegar er lagt til að við frumvarp til laga um Haf- og vatnarannsóknir bætist ákvæði í þá veru að starfsmenn haldi kjarasamningsbundnum réttindum sem lúta að endurmenntunarfeyfi og lengdum uppsagnarfresti eftir samfellt starf hjá sömu stofnun.

Í ákvæði til bráðabirgða við frumvarp til laga um Haf- og vatnarannsóknir er kveðið á um að unnt verði að skipa forstjóra við hina nýju stofnun við gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum. Þar sem kveðið er á um gildistöku laganna 1. janúar 2016 mun forstjóri hinnar nýju stofnunar því hafa tíma til að undirbúa skipulag og starfsemi hennar.

Við umfjöllun um málin voru gerðar athugasemdir við niðurlagningu starfa stofnananna. Meiri hlutinn telur mikilvægt að forstjóri hinnar nýju stofnunar hafi svigrúm til að skipuleggja starfsemi hennar og vonar að vel takist til við það verkefni. Þá bindur meiri hlutinn vonir við að sem minnst röskun verði á högum starfsmanna og mælist til þess að samráð verði haft við þá eftir því sem kostur er.

Meiri hlutinn telur brýnt að tilfallandi kostnaður vegna sameiningar stofnananna bitni ekki á starfsemi þeirra heldur að veitt verði sérstök fjárheimild til að standa straum af honum.

Heiða Kristín Helgadóttir og Þórunn Egilsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn leggur til að frumvörpin verði **samþykkt** með framangreindum breytingartillögum sem gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 15. október 2015.

Jón Gunnarsson,
form., frsm.

Ásmundur Friðriksson.

Haraldur Benediktsson.

Erna Indriðadóttir.

Páll Jóhann Pálsson.

Þorsteinn Sæmundsson.